

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Þorsteinn Helgason, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður allur, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 28 1892.

Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson,
Eiríkur Ketilsson og
Magnús Magnússon
gegn
Oddi V. Gíslasyni.

Dómur:

Hinn 26. ágústmánaðar 1890 fannst dauður hvalur á floti fyrir utan Grindavík, og var hann af þeim sem fundu hann róinn í land á Járngerðarstöðum; hvalurinn var óskemmdur og 25 álnir að lengd milli skurða. Áfrýjendurnir, sem eru fyrirsvarsbændur á Járngerðarstöðum, ljetu skera hvalinn og skiptu honum í 3 hluti jafna: uppróðrarhlut til flutningsmanna, landshlut og skurðarhlut. Var þannig farið með hvalinn sem flutningshval eptir fyrirmælunum í 7. kap. J.bókar Rb. Hinn stefndi, sem hefur haldið því fram, að hvalurinn væri rekahvalur, taldi skipti þessi ólögæt, og áleit, að það bæri að skipta hvalnum þannig: $\frac{1}{3}$ hluta til uppróðrarmanna, en af hinum $\frac{2}{3}$ hlutunum einum fjórðungi til Skálholts- og Staðarkirkju til jafna skipta, ein-

um fjórðungi í skurðarhlut milli allra grasbýlismanna í Grindavík og tveim fjórðungunum til allra (7) jarðanna í Grindavík sem landhlut til jafnra skipta. Hinn stefndi höfðaði þá mál gegn áfrýjendunum út af hvalskiptum þessum og var það dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 7. febr. 1892 á þá leið, að áfrýjendurnir skyldu allir fyrir einn og einn fyrir alla greiða hinum stefnda sjera Oddi Gíslasyni fyrir hönd kirkjunnar á Stað í Grindavík $\frac{1}{8}$ — einn áttunda — úr $\frac{3}{8}$ — tveim þriðju — hlutum hins umrædda hvals og hinum sama sem ábúanda á Stað $\frac{1}{7}$ — einn sjöunda — hluta af $\frac{2}{4}$ hlutum af hinum sömu 2 þriðjungum hvalsins, allt eptir mati óvilhallra manna; með sama dómi voru áfrýjendurnir dæmdir til að greiða 100 kr. í málskostnað og nokkur ummæli málsfærslumanns þeirra í varnarskjölum hans fyrir aukarjettinum voru dæmd dauð og ómerk. Að öðru leyti voru áfrýjendurnir sýknaðir fyrir aukarjettinum.

Nefndum aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu hafa þeir Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson, Eiríkur Ketilsson og Magnús Magnússon skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 9. júlí f. á., og krafizt þess, að dómurinn verði úr gildi felldur, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kærum og kröfum sjera Odds Gíslasonar, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim allan sakarkostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hinn stefndi, sjera Oddur Gíslason, sem hefur haft gjafsókn í hjerði og gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan talsmann, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, og að áfrýjendurnir verði allir fyrir einn og einn fyrir alla dæmdir til að greiða honum málskostnað fyr-

ir yfirdómi að skaðlausu, svo og, að hinum skipaða málflytningsmanni verði tildæmd hæfileg málsvarn-
arlaun.

Hinn stefndi hefur eigi fundið neitt að því, að
finnendum hvalsins var úthlutaður $\frac{1}{3}$ hluti hans í upp-
róðrarhlut, en að öðru leyti hefur hann byggt kröfur
sínar til hluta úr honum á ákvæðum í Wilchinsmál-
daga, er segja svo: »að Staðarkirkja eigi $\frac{1}{3}$ í hvalreka
öllum í Grindavík milli »Rangagjögurs og Valagnúpa«,
og að því leyti hann sem ábúandi Staðar gjörir kröfur
til landhlutar, byggir hann það á venju, er á að vera
sönnuð með ýmsum hvalrekavitnisburðum, uppskrifuð-
um árið 1657, en gefnum 1603 og 1627, svo og vitn-
isburðum um, hvernig hafi verið farið með hvalreka í
Grindavík 1860 og 1878, en vitnisburðir þessir fara í
þá átt, að landhlut af hval, sem rekur í Grindavík, sje
skipt milli allra jarða þar, sem eru 7 að tölu. Ákvæð-
in í Wilchinsmáldaga, svo og hinir tilvitnuðu vitnis-
burðir, ræða að eins um *reka*hval, en áfrýjendurnir
hafa stöðuglega haldið því fram, að hjer sje um flutnings-
hval að ræða, er heimilt hafi verið að róa upp á Járn-
gerðarstaðaland, og skipta þar á þann hátt, sem þeir
gjörðu. Aptur á móti hefur hinn stefndi leitast við að
sanna það, að hvalurinn hafi fundizt í rækhelgi (fisk-
helgi) Grindavíkur, og skýrir hann svo frá, að allar
jarðir í Grindavík hafi sameiginlegan rjett, að því er
rækhelgi snertir.

Hinn stefndi heldur því fram, að hvalurinn hafi
fundizt á þessum miðum: Djúpmið: Hásteinar mitt á
milli Húsatópta og Sýrfells; Hásteinar um Tóptatúns-
hala; Austurmið, grunnmið: Varðan Sigga í Skotta —
og hefur hann látið mæla vegalengdina frá miði þessu

til næsta lands, Þorkötlustaðaness, og reyndist vegalengdin 4—500 faðmar (þ: 353 mælisköpt á 4 álnir = 1412 ál.). Þá hefur dómarrinn eptir beiðni hins stefnda útnefnt 2 menn til þess að athuga, hvort flattur þorskur sæist á bátsborði frá landi í 500 faðma fjarlægð, og hafa þeir gjört tilraun um það, og staðfest með eidi fyrir rjetti, að þeir hafi sjöð fisk á borði í 540 faðma fjarlægð. Mælingum þessum hafa áfrýjendurnir mótmælt, og sjerstaklega hafa þeir haldið því fram, að mið þau, sem mælt hefur verið frá, sjeu eigi hin rjettu mið, þar sem hvalurinn fannst. Um þetta hefur hinn stefndi látið fram fara vitnaleiðslu, og hafa 4 vitni, einmitt menn þeir, sem reru hvalinn í land, gefið vitnisburð þar að lútandi. Eitt vitnið skýrði svo frá, að þer þeir komu fyrst að hvalnum, hafi *varðan* verið vestan til á miðja Vatnsheiði og djúpt af grunnbrún; annað vitnið tjáist ekkert vita um það; þriðja vitnið segir, að hvalurinn hafi verið á grunnbrún, er þeir fyrst komu að honum, og 4. vitnið ber, að *varðan* hafi verið austarlega á Vatnsheiði. Með þessum vitnisburðum er það eigi sannað, að hvalurinn hafi fundizt á miðum þeim, sem hinn stefndi hefur látið mæla frá vegalengd til lands.

Hinn stefndi — en á honum virðist sönnunarbyrðin hvíla í þessu efni — hefur þannig eigi sannað að það, að hvalurinn hafi fundizt í rekhelgi eða fiskhelgi — enda verða hinar framkvæmdu mælingar eigi álitnar lögmæt sönnun gegn áfrýjendunum, sem eigi voru kvaddir til að vera við þær — og virðist það því rjett, að farið hefur verið með hvalinn sem flutningshval, en í hinum framlögðu skýrslum er hvorki kirkju nje stað í Grindavík eignaður hlati í hvölum þeim, sem *fluttir* eru á fjörur annara jarða í Grindavík (þ: í

flutningum). Það ber því að sýkna áfrýjendurna fyrir kærur og kröfum hins stefnda í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum þykir eiga að falla niður. Sem gjafsóknarmál hefur málið verið rekið forsvaranlega í hjerði, og fyrir yfirdómi hefur málsvörnin verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjendurnir, Einar Jónsson, Sæmundur Jónsson, Eiríkur Ketilsson og Magnús Magnússon eiga að vera sýknir fyrir kærur og kröfum stefnda sjera Odds Gíslasonar í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Nr. 16/1892:

Vigfús Þórarinsson

gegn

skiptaráðandanum í Kjósar- og Gullbringusýslu og hreppsnefndunum í Hvamms- og Dyrhólahreppum í Skaptafellssýslu.

Dómur:

Með stefnu útgefni 24. maí f. á. samkvæmt upp-reistarleyfi, veittu 5. s. m., hefur Vigfús bóndi Þórarinsson á Sólheimum sem skuldheimtumaður í dánarbúi Sveins Árnasonar í Krókskoti í Gullbringusýslu áfrýjað til yfirdómsins skiptum á tjeðu búi, sem voru leidd til lykta í skiptarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 31. desbr. 1890, og krafizt þess, að skiptin verði dæmd ómerk og hlutaðeigandi skiptaráðandi, sýslumaður í Kjósar- og